

GÓÐUR OG FRÓÐUR

Skólafélag Blönduósarbæjar

Inngangur

Hver einstaklingur er mikilvægur og allir þurfa að eiga þess kost að rækta þá hæfileika sem í þeim búa.

Hlutverk skóla Blönduósarbæjar er mannrækt og fræðsla. Markmið skólafélags er að stuðla að persónulegum og félagslegum þroska allra nemenda og gera þá færa um að taka ábyrgð og skapandi þátt í sýnbreytilegum heimi utan skólans. Til að þetta megi takast þurfa skólarnir að leggja áherslu á viðfangsefni sem stuðla að gagnrýnni hugsun, sjálfstæði og ábyrgð í námi, skipulögðum vinnubrögðum og góðri umgengni ásamt samvinnu og samhjálp.

Frumábyrgð á uppeldi og menntun hvílir á foreldrum en hlutverk skólanna er að annast formlega fræðslu og taka þátt í félagsmótun barna og unglunga.

Samvinna við foreldra og tækifæri þeirra til þátttöku í skólafélagi er mikilvæg og besta leiðin til að skapa börnum öruggt uppeldisumhverfi. Samstarf skólafélags þarf að tryggja til að skapa eðlilegt samhengi í námi.

Skólahúsnæði skal vera hentugt og nægjanlegt og búnaður í samræmi við kröfur tímans. Mikilvægt er að innra starf skólanna sé öflugt og áhersla lögð á fagmennsku í kennslu sem og uppeldi og stjórnunarstarfi meðal annars með símenntun kennara. Mat á skólafélagi er nauðsynlegur þáttur í starfi kennara og tæki til þess að tryggja að eðlileg þróun og umbætur eigi sér stað.

Stefnufirlýsing

Stefna Blönduósarbæjar í skóla- og uppeldismálum er að tryggja nemendum aðgang að góðri og fjölbreyttri menntun í öruggu starfsumhverfi þannig að nemendur eigi kost á menntun við sitt hæfi og að komið sé í veg fyrir hvers konar mismun.

Skólar Blönduósarbæjar leggja áherslu á jafnan rétt til náms, umhyggjusemi og vellíðan nemenda. Með siðvit, bókvit og verkvit að leiðarljósi fái sérhver nemandi hvatningu til náms í samræmi við þroska sinn, áhuga, hæfileika og sköpunargleði.

Skólar Blönduósarbæjar skulu skapa í samstarfi við foreldra sem bestar aðstæður til náms með hvetjandi starfsumhverfi, hæfileikaríku starfsfólki og virkum tengslum við samfélagið.

Skólar Blönduósbæjar gegna því hlutverki að mennta ábyrga og hæfa þjóðfélagsþegna sem geta tekið virkan þátt í þróun eigin samfélags og stundað frekara nám.

Skólarnir eru menntastofnanir í sífelldri þróun.

Undirstöður skólastarfs Blönduósbæjar eru:

- Lýðræði og virðing
- Nám og kennsla
- Umhverfi og skipulag
- Hollusta og hreyfing
- Umbótastarf og mat á skólastarfi

Lýðræði og virðing

Að skólarnir:

- hafi markvissa stefnu og fræðslu um samskipti og eflingu lýðræðislegra starfshátta
- gefi nemendum tækifæri til að setja sér markmið
- vinni með markvissum hætti að eflingu sjálfstrausts, sjálfsvirðingar og sjálfsábyrgðar
- efli jákvætt andrúmsloft og móti gott starfsumhverfi
- hlúi að margbreytileika mannlífsins og stuðli að góðum samskiptum
- virki starfsfólk í þróun skólastarfs og eigin starfsþróun og vinni markvisst að hvatningu í starfi meðal samstarfsmanna

Nám og kennsla

Að skólarnir:

- gefi nemendum kost á fjölbreytni í námi sem fer fram bæði úti og inni og leggi ríka áherslu jafnt á siðvit, bókvit og verkvit
- leggi áherslu á vönduð vinnubrögð og námsaga
- efli sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði í námi
- noti fjölbreytt námsmat til hvatningar og örvunar til betri árangurs
- gefi nemendum tækifæri til að taka þátt í verkefnum sem hvetja til skapandi og sjálfstæðrar hugsunar
- bjóði fjölbreytta námsaðstoð
- skilgreini með skýrum hætti hvað felst í einstaklingsmiðuðu skólastarfi
- veiti foreldrum tækifæri til virkrar þátttöku í skólastarfinu
- geri kröfu um að foreldrar upplýsi kennara og skóla um atriði er varða nám og skólagöngu nemenda
- sjái til þess að foreldrar fái upplýsingar um starfið í skólanum
- sjái til þess að starfsfólk leggi áherslu á fjölbreytta kennsluhætti með styrkleika nemenda að leiðarljósi

- bjóði upp á gott aðgengi að sérfræðiaðstoð til að koma til móts við þarfir allra nemenda
- sjái til þess að starfsfólk leggi áherslu á endurmenntun og tileinki sér helstu nýjungar í kennslu og námi á hverjum tíma
- sjái til þess að skólanámskrá sé endurskoðuð reglulega

Umhverfi og skipulag

Að skólarnir:

- séu í virkum tengslum við umhverfi sitt, náttúru, atvinnulíf og menningu í bæjarfélaginu og vinni ár hvert margvísleg verkefni með nemendum tengd þessum áherslum
- móti skýra umhverfisstefnu sem miði að því að auka ábyrgð nemenda á umhverfi og náttúru lands og sjávar, í samræmi við áherslur bæjarins í umhverfismálum
- efli tengsl og skilning nemenda á því þjóðfélagi sem þeir eru hluti af
- standi vel að öllu starfi með góðum undirbúningi og skipulagi með ólíkar námsþarfir nemenda í huga
- séu sjálfstæðar stofnanir sem beri faglega og fjárhagslega ábyrgð og leysi sjálfir sem flest viðfangsefni sem upp koma í daglegu skólastarfi undir forystu skólastjórnenda
- setji stefnu um foreldrasamstarf og vinni áætlanir í samráði við foreldrafélög og skólaráð
- noti upplýsingakerfi á markvissan og fjölbreyttan hátt til að upplýsa foreldra um nám og skólastarf
- upplýsi foreldra tímanlega og með skýrum hætti um áætlanir og breytingar er varða skólahald
- hafi góða aðstöðu fyrir nemendur og kennara til kennslu og undirbúnings ásamt búnaði og viðeigandi tækjum sem uppfylla viðmið sem fram koma í aðalnámskrá
- hafi gott samstarf sín á milli, við aðra skóla, íþrótt- og tómstundafélög, stofnanir og fyrirtæki í bæjarfélaginu
- geri starfsáætlun árlega í samráði við starfsfólk, foreldra og nemendur sem lögð er fyrir skólanefndir árlega
- starfi eftir samræmdu skóladagatali.

Hollusta og hreyfing

Að skólarnir:

- stuðli með markvissum hætti að andlegu og líkamlegu heilbrigði nemenda
- leggi áherslu á jákvæð viðhorf nemenda til lífsins og mikilvægi þess að upplifa líkamlega, andlega og félagslega vellíðan og gleði í daglegu lífi
- leggi áherslu á að nemendur eigi kost á næringaríku og hollu fæði
- skipuleggi skóladaginn með hliðsjón af þörf nemenda fyrir hreyfingu
- stuðli að því að nemendur móti sér heilbrigðan lífsstíl til framtíðar
- stuðli með markvissum hætti að andlegu og líkamlegu heilbrigði starfsfólks
- stuðli að því að starfsfólk sé nemendum góð fyrirmynd um holla lífshætti

Umbótastarf og mat á skólastarfi

Að skólarnir:

- móti sér umbótaáætlun sem byggi á vönduðum matsaðferðum þar sem meðal annars sé kannað viðhorf starfsfólks, nemenda og foreldra til skólastarfsins
- sjái til þess að umbótaáætlunin haldist í hendur við starfsmannastefnu og símenntun starfsfólks og endurskoðist árlega
- sjái til þess að skólaþróunaráætlun haldist í hendur við umbótaþörf skólanna

Stjórnun fræðslumála

Fræðsluskrifstofu ber að:

- styðja við umbóta- og þróunarstarf í skólum
- sjá til þess að lögum og reglugerðum um skólastarf sé framfylgt
- vera faglegt forystuafli í skólamálum bæjarins og framfylgja stefnu hans um uppbyggingu og starfsemi skólanna
- afla og miðla upplýsingum um skóla og til skóla
- tryggja vandaða meðferð einstaklingsmála og úrskurða í ágreiningsmálum
- sjá til þess að sálfræðileg og kennslufræðileg ráðgjöf nýtist skólum sem best í daglegu starfi nemendum til hagsbóta

Fræðslunefnd ber að:

- kappkosta að fræðslumál séu til fyrirmyndar í bæjarfélaginu
- tryggja öllum börnum dvöl í leik- og grunnskóla
- fylgjast með rekstri skólanna og gera tillögur til úrbóta, hvort sem um er að ræða úrbætur til skamms tíma eða stefnumótun til lengri tíma
- fylgjast með því að hugað sé að aðstöðu nemenda sem sækja fjarnám á framhaldsskólastigi
- tryggja að sveitarfélagið Blönduós bær sinni mati og eftirliti með gæðum skólastarfs

Kjarni málsins

Ánægðir nemendur

- Vellíðan og velferð nemenda sé í fyrirrúmi
- Hlúð sé að andlegu og líkamlegu heilbrigði nemenda
- Unnið sé með markvissum hætti að eflingu sjálfvirðingar og sjálfsábyrgðar nemenda

Ánægðir foreldrar

- Foreldrar hafi skýrt hlutverk í námi barna sinna
- Stefna sé mótuð um foreldrasamstarf og aðgerðaráætlun unnin í samráði við foreldrafélög, foreldraráð og skólaráð
- Upplýsingakerfi séu nýtt markvisst til að upplýsa foreldra um nám, skólastarf, áætlanir og þær breytingar sem varða skólalald
- Foreldrar séu hvattir til að nýta rétt sinn til að koma í skólann og kynna sér starfið

Fjölbreytt nám

- Ýtt sé undir frumkvæði og sköpunargáfu nemenda
- Lögð sé áhersla á fjölbreytta kennsluhætti, námsmat og námsumhverfi
- Einstaklingsmiðað nám og skólastarf sé skilgreint með skýrum hætti
- Skapandi verkefni séu hluti af námi nemenda óháð námsgrein
- Markviss stefna og fræðsla varðandi samskipti

Markvisst skipulag

- Skólanámskrá endurskoðuð reglulega
- Starf skóla sé skipulagt með hliðsjón af samfelldum vinnudegi nemenda og þörfum þeirra
- Skóladagatal skólanna sé samræmt
- Lýðræðislegir starfshættir séu viðhafðir í skólastarfi

Menntaðir og hæfir starfsmenn

- Stuðlað sé með markvissum hætti að andlegu og líkamlegu heilbrigði starfsmanna.
- Starfsmenn taki virkan þátt í endurmenntun

Lokaorð

Skólastefnan skal höfð að leiðarljósi við gerð skólanámskráa og vera stjórnendum bæjarfélagsins leiðarvísir um uppbyggingu skóla. Skólastefnan er jafnframt nauðsynleg heimilunum til að fylgjast með markmiðum og framkvæmd skólastarfs. Í ört breytilegu samfélagi þarf að endurskoða skólastefnuna reglulega, að minnsta kosti á þriggja ára fresti.

Starfshópur:

Anna M. Arnardóttir
Auðunn S. Sigurðsson
Guðjón E. Ólafsson
Jóhanna G. Jónasdóttir
Sigríður B. Aadnegard
Þórhalla Guðbjartsdóttir